

Hanna Katrín Friðriksson
atvinnuvegaráðherra

14. júlí 2025

Efni: Tillaga LS um heildarafla á fiskveiðiárinu 2025/2026

Eins og fram kom á fundi LS með yður 8. júlí sl. þar sem m.a. var fjallað um leyfilegan heildarafla á fiskveiðiárinu 2025/2026 ráðleggur félagið eftirfarandi:

Porskur	240 þúsund tonn
Ýsa	LS gerir ekki athugasemdir við ráðlagðan heildarafla Hafrannsóknastofnunar 78.918 tonn
Ufsi	LS bendir á að nú hafa aðeins veiðst 31 þúsund tonn af 85 þúsund tonna veiðiheimildum yfirstandandi fiskveiðiárs. Til að draga úr þessari slöku nýtingu á stofninum leggur LS til að afli þar sem veitt er með færum og netum á dagróðrabátum teljist ekki til aflamarks.
Langa	Vegna aukinnar veiða á línu leggur LS til að ívilnun fari úr 30 tonnum í 100 tonn.

Rökstuðningur um að leyfilegur heildarafla verði 240 þúsund tonn.

Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar 5. júní sl. er veiðistofn ársins 2021 nú sagður vera 1.150 þúsund tonn og veiðistofn 2022; 1.136 þúsund tonn. Við ákvörðun heildarafla byggt á útreikningi aflareglu fyrir fiskveiðiárin 2021/2022 og 2022/2023 var lagt til grundvallar að stærð fyrrgreindra veiðistofna væru 941 þúsund tonn og 977 þúsund tonn.

HAFRÓ	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
2018	1.357	1.420*							
2019	1.410	1.402	1.365*						
2020	1.288	1.248	1.208	1.211*					
2021	1.155	1.087	982	941	898*				
2022	1.157	1.092	979	1.023	977	1.124*			
2023	1.160	1.108	1.003	1.054	1.048	1.069	1.134*		
2024	1.204	1.152	1.045	1.103	1.091	1.137	1.076	1.069*	
2025	1.205	1.135	1.028	1.150	1.136	1.181	1.069	972	942*

LS telur auðsýnt að leiðrétta beri ráðgjöf stofnunarinnar m.t.t. til þessa vanmats. Ofmat og vanmat verði á þann hátt lagt að jöfnu þegar ákvörðun um leyfilegan heildarafla er tekin.

Niðurstaða endurútreikninga þar sem miðað er við fyrrgreindar stofnstærðir skila 36 þúsund tonnum.

2021/2022	Veiðistofn 2021	Aflamark 2020/21	Aflaregla	Mismunur
Útgefið	940.767 tonn	256.593 tonn	222.373 tonn	
Mæling 2025	1.149.657 tonn	256.593 tonn	243.262 tonn	20.889 tonn

2022/2023	Veiðistofn 2022	Aflamark 2021/22	Aflaregla	Mismunur
Útgefið	976.590 tonn	222.373 tonn	208.846 tonn	
Mæling 2025	1.135.770 tonn	222.373 tonn	224.764 tonn	15.918 tonn

LS ítrekar hér með tillögur sínar til yðar hæstvirtur atvinnvegaráðherra að leyfilegur heildarafl í þorski fiskveiðiárið 2025/2026 verði 240 þúsund tonn.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri